

From: Valur Rafn Halldórsson

Sent: föstudagur, 11. september 2026 11:25

To: Samband íslenskra sveitarfélaga <samband@samband.is>

Subject: Tillaga kjörnefndar að stjórn Sambandsins 2026-2030

Til sveitarfélaga,

Tillaga kjörnefndar að skipan stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga liggur nú fyrir og verður lögð fyrir Landsþing Sambandsins 23.–25. september nk.


Samkvæmt 9. gr. samþykktar Sambandsins skal kjörnefnd, að loknum sveitarstjórnarkosningum, koma saman og gera tillögu til landsþings um kjör stjórnar Sambandsins. Kjörnefnd hefur starfað að undirbúningi tillögunnar í sumar og hefur nú lokið störfum.

Í 11. gr. samþykktanna er jafnframt kveðið á um að tillaga kjörnefndar skuli kynnt landsþingsfulltrúum eigi síðar en viku fyrir setningu landsþings. Tillagan er því nú kynnt landsþingsfulltrúum í samræmi við samþykktir Sambandsins og jafnframt gerð aðgengileg sveitarfélögunum.

Athygli er vakin á því að heimilt er að leggja fram breytingartillögur við tillögu kjörnefndar. Slíkar tillögur skulu berast þingforsetum í upphafi landsþings og þurfa að uppfylla skilyrði 11. gr. samþykktanna um fjölda aðal- og varamanna, skiptingu þeirra eftir kjörsvæðum og hlutfall kvenna og karla.

Tillögu kjörnefndar má nálgast á vef Landsþingssíðu Sambandsins undir “Fundargögn á Landsþingi 2026” hér: [Landsþing Sambandsins 2026 | Samband íslenskra sveitarfélaga](#)

Kv. Valur Rafn



Valur Rafn Halldórsson

Sviðsstjóri þjónustusviðs

Samband íslenskra sveitarfélaga • Icelandic Association of Local Authorities

Sími / Tel.: (+354) 515 4900 / 868 1895 • www.samband.is • valur@samband.is

[Lagalegur fyrirvari](#) • [Legal Disclaimer](#)